



Alþingi  
Erindi nr. P 127/182  
komudagur 21.11.2001

20. nóvember 2001

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, 132. mál, skráning bréfa erlendis.

Í bréfi dags. 5. nóvember 2001 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, 132. mál, skráning bréfa erlendis.

Seðlabanki Íslands bendir á eftirfarandi atriði er varða eðli og réttaráhrif eignarskráningar íslenskra verðbréfa:

Í 1. gr. laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa segir að lög in gildi um rafræna útgáfu verðbréfa og skráningu eignarréttinda yfir þeim. Jafnframt segir að rafræn útgáfa verðbréfa og skráning eignarréttinda yfir þeim með þeim réttaráhrifum sem kveðið er á um í lögnum sé einungis heimil verðbréfamíðstöð sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögnum. Í 2. gr. laganna er m.a. að finna skilgreiningar á hugtökunum rafbréf, eignarskráning og verðbréfamíðstöð. Í IV. kafla laganna er kveðið á um réttaráhrif skráningar o.fl.

Ofangreind lög gilda ekki um erlendar útgáfur rafbréfa, erlendar eignarskráningar og erlendar verðbréfamíðstöðvar. Um þau atriði gilda erlend lög. Réttaráhrif erlendar eignarskráningar eru því önnur en réttaráhrif íslenskrar skráningar.

Ljóst er að þótt eignarskráning íslenskra verðbréfa í erlendum verðbréfamíðstöðvum yrði heimiluð félli hún sem slík ekki undir lög nr. 131/1997 með þeim réttaráhrifum sem þar er kveðið á um. Gæta þarf fulls samræmis milli skilgreininga og notkunar á hugtökum í lögnum. Í frumvarpinu er hugtakið “eignarskráning” látið ná bæði yfir íslenska og erlenda eignarskráningu þótt ósamræmi geti verið í merkingu hugtaksins og réttaráhrifum tengdum því eftir því hvort um skráninguna gilda íslensk eða erlend lög. Sama er að segja um notkun hugtakanna “rafbréf” og “verðbréfamíðstöð” í frumvarpinu.

SEÐLABANKI ÍSLANDS


KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605


Vera má að ákvæði frumvarpsins yrði misskilið þannig að talið yrði að réttaráhrif eignarskráningar skv. lögum nr. 131/1997 næðu til eignarskráningar í erlendum verðbréfamiðstöðvum ef hluti bréfa í sama flokki er jafnframt skráður í íslenskri verðbréfamiðstöð. Þá má vera að hætta sé á að tvöföld (eða margföld) eignarskráning geti skapað réttaróvissu við úrlausn ýmissa álitafna hér á landi á sviði kröfuréttar sem tengd eru skráningunni.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 131/1997 merkir hugtakið eignarskráning bæði útgáfu á rafbréfum í verðbréfamiðstöð og skráningu réttinda yfir þeim. Í athugasemd með frumvarpinu virðist hins vegar vera gert ráð fyrir því að erlend skráning fari fram eftir að bréfin hafa verið gefin út hér á landi, þ.e. að eingöngu sé átt við erlenda skráningu réttinda yfir rafbréfum. Ástæða virðist vera til að skýra þetta atriði betur í frumvarpinu.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Birgir Ísl. Gunnarsson  
formaður bankastjórnar



Finnur Ingólfsson  
bankastjóri